

REGLUGERÐ

um veðmálastarfsemi Hestamannafélagsins Fáks í Reykjavík.

1. gr.

Hestamannafélaginu Fáki í Reykjavík er heimilt að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar, er fram fara á vegum félagsins.

2. gr.

Veðmálastarfsemin fer fram þannig að veðjað er um, hver hestur verði hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðir skulu vera 500 kr., 1000 kr. og 2000 kr., sem greiðast veðmálastofnuninni gegn afhendingu veðmiða.

4. gr.

Veðfjárupphæðum hvers hlaups skal skipt þannig:

- a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, sem veðjað hefur verið um á þann hest, sem vinnur.
- b. Afganginum (20%) skal varið til reksturs kappreiðanna, til viðhalds og umbóta á skeiðvelli félagsins og til reiðvega Reykvikinga. Má tillaga til reiðvega aldrei vera minna en 10% af hagnaði félagsins af veðmálastarfseminni.

5. gr.

Að loknu hverju hlaupi skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst og vinningar greiddir út þegar í stað gegn framvisun veðmiða.

6. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd af veðfé lögðu á hest, sem hleypur upp eða fer ekki af stað, og kemur af þeim eða öðrum ástæðum ekki til greina samkvæmt kappreiðareglum félagsins.

7. gr.

Ef hlaup verður ógilt í heild endurgreiðist veðfé að frádregnum 20%.

8. gr.

Vinningar greiðast í hundruðum króna, þannig að vinningur hækki eða lækki í heilt hundrað samkvæmt almennum reglum. Ekki er ábyrgt að innskot fáiast að fullu aftur.

9. gr.

Þeir, sem veðja, eru í einu og öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurði dómnefndar, t. d. missir hestur rétt til verðlauna, er knapi hans er dæmdur úr leik o. s. frv.

10. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klst. eftir síðasta hlaup, og því aðeins að þeir séu með læsilegum tölum.

11. gr.

Óheimilt er að leyfa unglíngum innan 16 ára að veðja.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 23 30. janúar 1945, öðlast þegar gildi og gildir til 5 ára.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. maí 1980.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Þorleifur Pálsson.

Nr. 271.

27. maí 1980.

REGLUGERÐ**um hækkun bóta almannatrygginga.**

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, skulu hækka um 11.70%, frá 1. júní 1980 frá því sem þær voru í mars 1980. Greiðslur samkvæmt 74. gr. skulu breytast með sama hætti. Til viðbótar skal síðan hækka tekjutryggingu um 5% frá sama tíma.

2. gr.

Fjárhæð 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1980:

Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (og tekna barna), sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar	kr. 691 600
Hjón	— 968 240

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 27. maí 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 272.

30. maí 1980.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 281/1979.**

1. gr.

XI. liður í 10. gr. fellur brott.

2. gr.

11. gr. b-stafliður orðist svo:

„Lyf, sem innihalda eftirtalin efni, má eingöngu nota handa dýrum að fengnu skriflegu samþykki yfirdýralæknis hverju sinni: Arsenik, klófenótan, sjá þó ákvæði